



Apótek

-fyrir alla!



ANDLITSVÖRUR



ANDLITSKREM MEÐ UV-VÖRN

Andlitskrem m. UV-vörn er krem sem hentar bæði sem dag- og næturkrem. Lítið magn þarf af kreminu og það gengur vel inn í húðina, því er auðvelt að bera á sig farða eftir notkun á því. Kremið er stútfullt af A, D og E vítamínum ásamt því að veita húðinni þann raka og aðra næringu sem þörf er á. Kremið inniheldur engin ilm- eða litarefni. Fyrir þá sem kjósa að nota kremið sem dagkrem er í því efni sem veitir væga vörn gegn bæði UVA og UVB geislun. **Kremið hentar þó alls ekki eitt og sér sem sólvörn.**

50 ml Vnr. 12000185

50 ml túpa



ANDLITSVATN PH 5,5

Andlitsvatn pH 5,5 er frískandi andlitsvatn með mildum rósailm. Andlitsvatnið inniheldur kamfóru sem róar húðina og tea tree olíu sem gefur vatninu milda sótthreinsandi eiginleika sem nýtast vel fyrir þá sem eru með ákveðin húðvandamál. Best er að setja andlitsvatnið í bómull og strjúka yfir andlitið.

100 ml Vnr. 12000187

100 ml flaska



KORNAKREM MEÐ JOJOBAPERLUM

Andlitskrúbbur með jojobaperlum sem fjarlægir dauðar og þurrar húðfrumur á mildan hátt. Gefur húðinni mykt og ferskt yfirbragð. Inniheldur meðal annars aprikósukjarnaolíu sem er þekkt fyrir húðverndandi og húðnærandi áhrif sín. Skrúbbinn á ekki að nota á augnsvæðið en annars má nota skrúbbinn á allan líkamann.

Notkun: Nuddið skrúbbnum létt á raka húð t.d. í sturtu og skolið í burtu.

100 ml Vnr. 12000186

aa

**SERUM**

Serum er þunnt, flauelsmjúkt krem sem inniheldur mikið af vítamínum og annarri næringu fyrir húðina sem fengin er úr mismunandi olíum. Kremið inniheldur engin ilm- eða litarefni en af því er daufur rósaheimur sem að rósaolían ljáir kreminu. Kremið hentar til daglegrar notkunar, undir farða eða undir dag- eða næturkrem. Bera skal lítið magn af kreminu á sig í einu eins oft og óskað er.

50 ml Vnr. 12000188

50 ml túpa